



Umhverfisstefna Bláa Lónsins

Sjálfbær tengsl manns og náttúru er undirstaðan að hugmyndafræði Bláa Lónsins og knúin áfram af kjörorðunum: Samfélag án sóunar. Út frá því hafa fjöldinn allur af umbótaverkefnum sproutið sem ýta undir samfélagslegan vöxt í sátt við náttúruna í eftirfarandi flokkum;

Sjálfbær upplifun

Við virðum náttúruauðlindir okkar með því að fjölnýta þær og lágmarka sóun í framleiðslu- og þjónustuferlum. Við leitum stöðugt nýrra leiða til að fullnýta náttúrulega auðlindastrauma jarðvarma, í upplifun gesta og við framleiðslu á nýjum vörum. Ósnortin náttúra er höfð í hávegum með því að vernda náttúrulegt vistkerfi Bláa Lónsins og viðhalda jafnvægi þess, byggt á vísindarannsóknum.

Kolefnishlutlaus upplifun

Með þekkingu aukum við skilning okkar á einstakri náttúru Bláa Lónsins og áhrif okkar á umhverfið. Við bjóðum viðskiptavinum okkar kolefnishlutlausu upplifun í ferðum til og frá Bláa Lóninu og allri okkar þjónustu. Við kolefnisjöfnum alla CO2 losun og hlutleysum þar með áhrif okkar á loftslagsbreytingar og færum viðskiptavinum okkar sannarlega sjálfbæra þjónustu, vörur og upplifun. Við leitum stöðugt nýrra leiða til að draga úr kolefnisspori okkar og auka sjálfbærni.

Plastlaus upplifun

Við drögum úr umhverfisspori okkar með því að endurvinna og draga úr myndun á úrgangi. Við stefnum að plastlausri upplifun okkar gesta, hvað varðar einnota plast. Bjóðum þess í stað endurnýtanlegar eða umhverfisvænni umbúðir og hráefni í öllum okkar vörum. Við uppfyllum ávallt lagalegar kröfur og vinnum að stöðugum umbótum.